

# Leikskólinn Klettaborg

Foreldrakönnun um aðlögun barna  
Desember 2014



## ALMENNT

---

- Könnunin var framkvæmd 7.-24. nóvember 2014
- Könnunin var send til foreldra þeirra barna sem byrjuðu í Klettaborg sumar-haust 2014 þ.e. 31 foredri fékk könnunina
- Alls svöruðu 23 sem gerir 68% svarhlutfall
  
- Þau 23 svör sem bárust skiptust á eftirfarandi hátt
  - 8 áttu börn í aðlögun á eldri deild (Fálkakletti eða Arnarkletti)
  - 15 áttu börn í aðlögun á yngri deild (Hrafnakletti eða Kríukletti)


# MÉR FANNST AÐLÖGUNIN GANGA VEL

	Fjöldi	Hlutfall
Mjög sammála	17	81.0%
Frekar sammála	3	14.3%
Hvorki né	0	0.0%
Frekar ósammála	1	4.8%
Mjög ósammála	0	0.0%
<b>Samtals</b>	<b>21</b>	<b>100%</b>



# MÉR FANNST VEL TEKIÐ Á MÓTI OKKUR


	Fjöldi	Hlutfall
Mjög sammála	17	85.0%
Frekar sammála	3	15.0%
Hvorki né	0	0.0%
Frekar ósammála	0	0.0%
Mjög ósammála	0	0.0%
<b>Samtals</b>	<b>20</b>	<b>100%</b>



■ Mjög sammála ■ Frekar sammála ■ Hvorki né ■ Frekar ósammála ■ Mjög ósammála

## MÉR FANNST LENGD AÐLÖGUNAR GÓÐ (3-4 DAGAR)



	Fjöldi	Hlutfall
Mjög sammála	16	80.0%
Frekar sammála	4	20.0%
Hvorki né	0	0.0%
Frekar ósammála	0	0.0%
Mjög ósammála	0	0.0%
<b>Samtals</b>	<b>20</b>	<b>100%</b>



■ Mjög sammála ■ Frekar sammála ■ Hvorki né ■ Frekar ósammála ■ Mjög ósammála

# MÉR FANNST TÍMINN HÆFILEGUR Á HVERJUM DEGI AÐLÖGUNAR

	Fjöldi	Hlutfall
Mjög sammála	14	70.0%
Frekar sammála	5	25.0%
Hvorki né	1	5.0%
Frekar ósammála	0	0.0%
Mjög ósammála	0	0.0%
<b>Samtals</b>	<b>20</b>	<b>100%</b>



# HVERJIR FINNST ÞÉR VERA **KOSTIR** VIÐ ÞETTA FYRIRKOMULAG Í AÐLÖGUNINNI?

---

- Að kynnast starfsfólkinu öllu vel sem og hinum börnunum og foreldrum þeirra.
- Að fá að taka þátt.
- Að vera með barninu þetta lengi.
- Gaman að vera með barninu sínu í leikskólum. Kynnast starfsfólki og starfinu.
- Flott fyrirkomulag.
- Að kynnast starfi leikskólans mjög vel og einnig að kynnast starfsfólkinu.
- "Finnst gott að vera með barninu þennan tíma til að sjá hvernig það aðlagast hópnum og einnig til að sjá hvernig hlutirnir ganga fyrir sig á deildinni."
- Kynnast starfinu, starfsfólkinu og öðrum foreldrum.
- Foreldrar sjá hvernig allt er á deidinni, kynnast starfsfólkinu, sem gerir foreldrunum auðveldara fyrir að skilja krílin sín eftir.
- Kynnast starfsemi leikskólans.
- Allt gekk vel.
- Það er gott að fá tilfinningu fyrir leikskólanum; hvernig starfsfólkið vinnur og kom fram við börnin, hvað er gert með börnunum og fá að sjá hvernig barninu líður í nýja umhverfinu. Gefur barninu líka meira öryggi að fá foreldra með sér fyrstu dagana og foreldrunum auðvitað líka!
- Kosturinn er að við fáum að kynnast betur kennurumum, krökkunum og starfinu.
- Gott að fá að fylgjast með hvað börnin eru að gera dags daglega. Kynnist starfsfólki betur og öðrum foreldrum.
- Eiginlega bara allt fyrirkomulagið í heild sinni. Vorum mjög ánægð með allt. Sérstaklega finnst okkur gott að þekkja núna rútinuna hjá barninu og hvað það sé að gera frá degi til dags. Gott að kynnast starfsfólkinu á þennan hátt líka.

## HVERJIR FINNST ÞÉR VERA ÓKOSTIR VIÐ ÞETTA FYRIRKOMULAG Í AÐLÖGUNINNI?

---

- Ég held reyndar að það fari alveg eftir barninu sjálfu en ég hefi vilja kveðja á 3ja degi. En það er bara vegna þess að dóttir mín var svo tilbúin í að kveðja.
- Sá enga.
- Fannst ég vera fyrir og starfsfólkið kunni ekki alveg við að taka alveg stjórnina fannst mér.
- Engir ókostir held ég.
- Fjarvera frá vinnu.
- Ég sé enga sérstaka galla, nema kannski að það eru margir foreldrar sem ruglar kannski börnin?
- Engir sem okkur detta í hug.
- Kannski soldið ströng þegar það þurfti ekki.
- Eini ókosturinn er vinnutap.
- Sé enga sérstaka ókosti.
- Okkur fannst í raun ekki neinir gallar eða ókostir við þetta.



## ER EITTHVAÐ SEM KOM ÞÉR Á ÓVART VARÐANDI LEIKSKÓLASTARFIÐ?

---

- Hvað það er mikil samvinna á öllum leikskólanum, hvað eldri börn taka mikið tillit til yngri barnanna. Mér fannst aðdáunarvert hversu fljótur þær voru að róa niður ef það kom mikið uppþot á deildinni og hvað allt gekk eins og smurt þrátt fyrir að þarna voru öll börnin ný.
- nei
- Mikið af börnum fyrir fáa kennara.
- Nei.
- Nei.
- Nei.
- Nei.
- Hvað þau eru ótrulega fljót að tileinka sér reglur og annað slíkt sem gilda á leikskólanum og hversu fljót þau þroskst og vilja fara að gera allt sjáf og tala út í eitt :)
- Nei.
- Að það sé ekki matreiðslumaður/kona sem eldar fyrir börnin í hádeginu en ég veit líka að leikskólinn er alltaf að reyna að finna manneskju í það starf.
- Nei, mjög flott starf :)
- Hvað það er virkilega vel skipulagt og hugsað fyrir öllu.
- Hversu hæft og áhugasamt starfsfólkið er. Hve fjölbreytt starfið sjálf er. Mjög áhugavert að kynnast því hve mikið og fjölbreytt krakkarnir læra (ljóð, fiskana o.fl.).

## ANNAÐ SEM ÞÚ VILT KOMA Á FRAMFÆRI:

---

- Ég er mjög ánægð með leikskólan og starfið sem er unnið þar af hendi. Dóttir mín er líka mjög ánægð og líður augljóslega vel á Klettaborg.
- Mætti vera meiri rólegheit hjá kennurum og tala með innirödd inni, heyri oft mikil köll á börnin.
- Yndislegt starfsfólk :)
- Er rosalega ánægð með leikskólann.
- Nei.
- Ég er mjög ánægð með allt starf á þeim deildum sem ég þekki til á. Mér finnst samt að það mætti vera meira fönður og svona dúll fyrir þau börn sem finna sig best í því.
- Nei.
- Mjög ánægð með leikskólann, barninu mínu líður vel, lærir mjög mikið og þroskast vel!
- Finnst starfsfólkið æðislegt, alltaf tekið vel a móti okkur, starfið virkar mjög flott, finnst æði að fa myndir og póst, finnst við vera vel upplýst hvað er i gangi hverju sinni.
- Frábær leikskóli og yndislegt starfsfólk.
- Við erum mjög ánægð með deildina og leiksskólann. Kom okkur skemmtilega á óvart hve allt hefur gengið vel og hve ánægð við erum með ánægju dóttur okkar á leikskólanum.